

Nd.

411. Frumvarp til laga

um bann gegn landspjöllum af mannavöldum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að banna sand- og malartöku og annað jarðrask, þar sem byggð og nytjalandi stafar mikil hættu af, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Brot gegn banni, er sett kann að verða samkv. 1. gr., varðar sektum allt að 10000 kr. Skulu sektir renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt ályktun um að vinna að því, að löggjöf væri sett um þetta efni. Tilfnið var upplýsingar, sem fyrir búnaðarþingi lágu um stórkostlegan háska, sem ýms mikilsverð gróðurlönd eru nú þegar í af völdum þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. gr. frumv. Virðist það með öllu ótækt, að einstökum mönnum líðist að stofna eignum og lífsafkomu fjölda manna í hættu með slíku framferði, þó að það skapi þeim nokkrar tekjur í bili.